

**590. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
miðvikudaginn 27. apríl 2022
og hófst hann kl. 12:30.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

AUKAFUNDUR

Aðalfulltrúarnir Guðni Ólafsson og Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir boðuðu forföll. Varafulltrúinn Ingibjörg Jóna Nóadóttir sat fundinn, en ekki náðist að boða annan varafulltrúa.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 590 lögmætan.

Dagskrá:

1. Endurskoðun og ársreikningur 2021 - 2201022

Ársreikningar ársins 2021 lagðir fram til fyrri umræðu.

Sigurjón Ö. Arnarson og Gyða Steinsdóttir frá KPMG voru gestir á fundinum í gegnum fjarfundabúnað undir þessum lið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa ársreikningum ársins 2021 til síðari umræðu í sveitarstjórn sem fer fram 12.05.2022.

2. Vegagerðin afnotaleyfi vegna Arna - The Westfjordsway Challenge, reiðhjólámót - 2204037

Erindi frá Vegagerðinni dags. 19.04.2022 þar sem greint er frá því að Vegagerðin heimilar fyrir sitt leyti hjólreiðakeppnina "Arna - The Westfjordsway Challenge", reiðhjólámót í samræmi við framkvæmdarlýsingu í tölvupósti dags. 14.12.2021. Mótið verður haldið dagana 28. júní til 3. júlí 2022.

Lagt fram.

3. Skýrsla um raforkumál - 2204051

Skýrsla starfshóps um raforkumál á Vestfjörðum dagsett í apríl 2022.

Lagt fram.

4. Fundargerðir Vestfjarðarstofu - 2202100

Fundargerð 44. stjórnarfundar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga sem fór fram 23.02.2022 og fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga sem fór fram 30.03.2022.

590. fundur
12.05.2022

Lagt fram.

5. Fundargerðir 2022 Hafnasamband - 2202145

Fundargerð 443. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 01.04.2022.

Lagt fram.

6. Fjórðungsping Vestfirðinga - 2201004

Þinggerð 67. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori sem fór fram á Ísafirði 06.04.2022.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:45.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

Björgvin Smári Haraldsson (BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ingibjörg Jóna Nóadóttir (IJN)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)